

Alþingi
Erindi nr. P 135/1051

komudagur 4.3.2008

Skattstjórnin í Suðurlandsumdæmi

Vegskálar 1, 850 Hella Sími 488 5500. Bréfsími 487 5844. sudurland@skattur.is

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Hellu 28.febrúar 2008

Umsögn um lagafrumvarp. Mál 325, tekjuskattur, breyting ýmissa laga

Með bréfi dagsettu 13.02.sl óskið þér eftir umsögn embættisins um frumvarp á þingskjali 508, 325. mál.

Um er að ræða frumvarp í níu efnisgreinum til breytinga á ýmsum lögum á sviði skattlagningar.

Skipta má frumvarpinu upp í tvo þætti. Annars vegar eru ákvæði sem lúta að skatti á hagnað af sölu hlutabréfa í viðskiptum félaga Hins vegar fjallar frumvarpið um skattaumsýslu stórfyrirtækja og fyrirkomulag hennar innan skattkerfisins. Reyndar er líka ákvæði í frumvarpinu um ákvörðun á virðisaukaskatti við verslun með ógerilsneidda mjólk. Það atriði þykir mér ég ekki hafa forsendur til að tjá mig um.

Hvað fyrri þáttinn varðar þá hefur hann í för með sér stefnubreytingu í þá veru að skattlagning á söluhagnað vegna hlutabréfaviðskipta lögaðila verði eftir sömu reglum og eiga við um við skattlagningu arðs. Gert er ráð fyrir að hagnaður verði með þar til greindum skilyrðum skattfrjáls í hendi seljanda ef seljandinn er einkahlutafélag, hlutafélag eða þ.h. lögaðili. Skattfrelsið er fólgið í frádrætti sem nemur söluhagnaðinum. Áætlað er að breytingar þessa efnis gildi frá sl áramótum og komi til framkvæmda við álagningu næsta árs. Að mínu mati verður ekki séð að sérstakir erfiðleikar verði við framkvæmd þessara reglna. Nokkur reynsla er til dæmis af skattfrelsi arðs með sama fororði og hér er á ferðinni . án þess að til teljandi vandræða hafi komið. Ekki verður af minni hálfu lagt mat á þá skattastefnu sem hér um ræðir en öll samræming á skattlagningu sambærilegra verðmæta hlýtur að teljast jákvæð og til einföldunar. Mismunun tekjutegunda til skattlagningar er óheppileg og ekki af hinu góða fyrir viðskiptalífið og til þess fallin að flækja skattframkvæmd . Með lögfestingu þessa frumvarps verður að telja meiri líkindi en minni fyrir því að misræmi og mismunun verði eytt á þeim vettvangi sem það tekur til. Hvað gildistöku reglnanna varðar er það að segja að með því að umrædd ákvæði eru í öllum tilvikum ívilnandi fyrir skattaðilann getur ekki talist óeðlilegt að þær séu afturvirkar. til næstliðinna áramóta. Rétt er þó að taka það fram að við framkvæmd reglnanna þarf að skoða á hvern hátt þær grípa á áður frestuðum söluhagnaði. . Hér er átt við það t.d. að hafi félag selt hlutabréf með skattskyldum hagnaði innan tveggja áramóta fyrir


gildistöku þeirra reglna sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þá er spurning hvort það sé ekki ljóst að hinar nýrri og rýmri reglur um skattlagningu, í þessu tilviki frádrátturinn, eigi við um hinn frestaða hagnað.

Um síðari hluta frumvarpsins og þann sem veit beint að framkvæmdaraðilum í skattkerfinu og uppbyggingu þess í stjórnsýslunni er það að segja að hér er á ferðinni atriði sem allengi hefur verið í umræðunni. Það er hvernig með skuli fara afgreiðslu skattamála aðila í rekstri. Frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnuð skuli sérstök stórfyrirtækjaeining innan skattkerfisins sem aðsetur hafi í Reykjavík og lúti stjórn skattstjóra Reykjavíkumumdæmis. Þar fari fram álagning, þjónusta og sérstakt eftirlit með skilgreindum hópi stærri fyrirtækja. Stórfyrirtækjum á þannig að verða auðveldara að fá úrlausn álitamála og upplýsingar um túlkun laga og reglna hjá skattayfirvöldum. en nú sé á raunin.

Sú niðurstaða sem finna má í frumvarpinu um slíkt fyrirkomulag hefur ýmsa kosti. Eru atriði sem það styðja um rakin í greinargerð frumvarpsins. Taka má undir það sem þar segir. Eðli málsins samkvæmt eru aðstæður til að fást við stórfyrirtækjamál, alþjóðaviðskipti og milliríkjasamskipti sem krefjast sérþekkingar og sérfræðivinnubragða bestar á stærri einingum skattkerfisins. Samkvæmt því ætti leið frumvarpsins að vera til verulegra bóta og hagræðingar innan skattkerfisins sem kæmi bæði skattþegnum og stjórnsýslunni til góða og stuðlaði að góðum stjórnarháttum sem og bættri þjónustu og gagnkvæmu upplýsingastreymi. Reyndar er og ljóst að víða á hinum smærri skattstofum hefur safnast upp mannauður og viðamikil reynsla og þekking á skattamálum og framkvæmd skattareglna sem nýst gæti til svipaðrar sérhæfingar á öðrum vettvangi framkvæmdarinnar.

Hjá dreifbýlisskattstofunum eru verkefni oftast unnin á þann hátt að starfsmenn öðlast í raun fjölbreyttari reynslu og fá innsýn í fleiri svið skattareglnanna en tíðkast hjá hinum sérhæfðari starfsmönnum stærri rekstraeyninga skattsins. Í því sambandi er ágætt að áréttu það sem fram kom í framsöguræðu fjármálaráðherra með þessu frumvarpi: Árni M. Mathiesen tók þar fram að nú væri athugun í fjármálaráðuneytinu hvernig styrkja megi starfsemi einstakra skattstofa á landsbyggðinni. Til dæmis með að flytja verkefni til þeirra. í tengslum við breytingu. þá sem frumvarpið boðar. Benti ráðherra á að á þessu þingi voru samþykkt lög nr. 166/2007 sem veita heimild til að færa einstök verkefni á milli skattumdæma til að nýta mannafla kerfisins sem best hvar sem er á landinu. Tiltók ráðherra að skapa mætti allt að tíu stöðugildi úti á landi og fækka um jafnmörg á höfuðborgarsvæðinu með slíkum tilfærslum. Þetta er jákvætt. Á skattstofu Suðurlandumdæmis tækju menn allavega auknum mannafla og viðbótarverkefnum fagnandi. Hér í umdæminu eru umræður um skort á framboði á skrifstofustörfum, m.a. með tilliti til eðlilegrar atvinnuþátttöku beggja kynja. Slík viðbót við rótgróna stofnun er ekki slæmur kostur í þeirri stöðu. Til þess er og að líta að þjálfun fullmótaðs skattamanns er best komið í höndum reyndari og sjóaðri starfsmanna skattkerfisins en hér á Hellu er þá marga að finna.

Það er niðurstaða mín að almennt séð séu áformaðar breytingar samkvæmt frumvarpinu til bóta.

Virðingarfyllt

Steinþór Haraldsson
Skattstjóri Suðurlandsumdæmis